

Komið þið sæl !

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 16. mars 2023 vegna frumvarps til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972. Mál nr. 165.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að samþykkja umrætt frumvarp og fella þar með úr gildi hin löngu úreldu lög um orlof húsmæðra. Það er með öllu óskiijanlegt að frumvarp þetta, sem lagt hefur verið fram á Alþingi alls fimm sinnum nú þegar, hafi ekki fyrir löngu orðið að lögum.

Það er furðuleg tímaskekkja að upplifa þá mismunun sem þessi löggjöf felur í sér. Það er í besta falli grátbroslegt að enn skuli vera til ferðasjóður fyrir húsmæður sem skattgreiðendum ber skylda til að greiða í. Það þarf varla að minna á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga sem án vafa er þverbrotin með þessari skyldu sveitarfélaga til að greiða niður ferðalög ákveðins þjóðfélagshóps.

Einnig er það með öllu óskiijanlegt að engin skoðun skuli fara fram á fjárhagslegri stöðu þiggjenda ferðapeninganna en slíkt er í undarlegri mótsögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar. Að sveitarfélög séu skylduð til að greiða fyrir skemmtiferðir, mögulega mjög velstæðra kvenna, með fjármunum almennings er með öllu ólíðandi.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að samþykkja frumvarpið og leggja þar með af þetta löngu úrelda fyrirkomulag.

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Með bestu kveðju

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri